

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

150 REYKJAVÍK

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. maí 2017

Efni: Umsögn SA um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, 402. mál.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins (SA) um ofangreint mál. Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 byggir á þingsályktun um fjármálastefnu 2017-2022. SA sendu fjárlaganefnd umsögn um stefnuna, dags. 21. febrúar 2017 og er vísað til hennar í umræðu um fjármálaáætlunina.

Hagvaxtarskeið taka enda

SA ítreka meginniðurstöðu þeirrar umsagnar að áætlaður 1,5% afgangur að jafnaði af rekstri hins opinbera, sé engan veginn fullnægjandi. Fjármálaáætlunin gerir ráð fyrir kröftugum hagvexti allt tímabilið, sem nú þegar er orðið hið lengsta í Íslandssöggunni. Ekki þarf mikið út af að bregða svo halli verði á rekstri ríkissjóðs.

Í annan stað er Ísland háskattaland og skattbyrðin einna hæst meðal ríkja OECD. Ef hagvaxtarforsendur breytast til hins verra mun reynast erfitt að mæta tekjutapi hins opinbera, sem því fylgir, með auknum sköttum. Sagan sýnir að útgjöld ríkissjóðs eru tregbreytanlegri en tekjur hans.


Loks er mikilvægt að hið opinbera haldi aftur af útgjaldaaukningu í núverandi eftirspurnarþenslu og spennu í hagkerfinu. Á það skortir verulega eins og skýrt kemur fram í umsögn fjármálaráðs. Aðhalds er þörf til að unnt sé að tekast á við bakslag í hagkerfinu því erfitt verður að draga úr útgjöldum þegar tekjurnar dragast saman. Með auknum aga í fjármálastjórn er stuðlað að lægra vaxtastigi sem hefur áhrif á vaxtakostnað ríkissjóðs á næstu árum.

Þá gagnrýna SA að í áætlunina skorti stefnumarkandi sýn til framtíðar. Þannig er mikilvægt að fyrir liggi svör við spurningum eins og þessum: Eru fyrirhugaðar breytingar á VSK-kerfinu liður í að taka upp eitt samræmt skattþrep? Er vilji til að nýta kosti einkareksturs til að auka skilvirkni og nýtingu á opinberu fé? Hvernig á að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu innviða í samgöngum og heilbrigðisþjónustu?

Þrátt fyrir að skattheimta á Íslandi sé mikil í bæði alþjóðlegum og sögulegum samanburði þá dugar hún rétt til að halda ríkissjóði réttu megin við núllið.

Á meðfylgjandi mynd kemur fram að 1%-stigs minni árlegur hagvöxtur færir rekstrarafgang í halla á síðari hluta tímabilsins.

Mynd 1: Afkoma ríkissjóðs m.v. mismunandi forsendur um hagvöxt - hlutfall af VLF



Heimildir: Fjármálastefna 2017-2022, útreikningar efnahagssviðs SA


Ísland er háskattaland í alþjóðlegum samanburði

Fari svo að hagvaxtarskeiðið verði styttra eða kraftminna en gengið er út frá í áætluninni verður erfitt að mæta tekjutapi hins opinbera með aukinni skattheimtu.

Skattbyrði á Íslandi er nú þegar með því mesta sem þekkist meðal ríkja OECD og því lítið svigrúm til að auka álögur á landsmenn til að fjármagna útgjaldafyrirheitin sem birtast í áætluninni.

Blasir við að aðlögunin þyrfti að verða á útgjaldahliðinni en þar sem útgjöld hins opinbera geta verið tregbreytanleg skapar það aukna áhættu á hallarekstri þegar harðnar í ári. Undirstrikar það mikilvægi þess að fyrirheit um útgjöld séu varfærnari í fjármálaáætluninni en raun ber vitni.

Mynd 2: Heildarskatttekjur árið 2015, sem hlutfall af VLF - leiðrétt fyrir greiðslum til almannatrygginga




Heimildir: OECD, útreikningar efnahagssviðs SA

Fjármálareglan er nauðsynleg en ekki nægjanleg

Núverandi fjármálaregla tryggir ein og sér ekki nauðsynlegt aðhald á tímum góðæris líkt og nú. Jákvæð afkoma hins opinbera er ekki trygging þess að aðhald sé nægjanlegt því mikill útgjaldavöxtur er þensluhvetjandi þótt tekjurnar vaxi. Gleggri mynd af aðhaldsstigi opinberra fjármála fæst með því að horfa til hagsveifluleiðréttrar afkomu. Í því sambandi má nefna að á árunum 2006 og 2007 uppfylltu stjórnvöld öll skilyrði núverandi reglu þrátt fyrir að á þeim tíma hafi fjármálastjórn hins opinbera stuðlað að aukinni þenslu og efnahagslegum óstöðugleika.


Mynd 3: Afkoma hins opinbera á 5 ára tímabili sé ávallt jákvæð og árlegur halli ávallt undir 2,5% af VLF



Myndatexti: Á hverju ári (vinstri mynd) og samanlagt til 5 ára (hægri mynd)

Heimild: Útreikningar efnahagssviðs SA

Mynd 4: Skuldaregla - skuldir hins opinbera séu ekki lægri en 30% af VLF




Myndatexti: Að frádragnum lífeyrisskuldbindingum, viðskiptaskuldum, að viðættum sjóði og bankainnistæðum

Heimild: Útreikningar efnahagssviðs SA

Á síðustu árum hefur hið opinbera ekki unnið gegn hagsveiflunni og hefur fjármálastjórnin frekar verið til þess fallin að ýkja hana. Aðhaldsstigið hefur því ekki verið nægjanlegt. Í umsögn fjármálaráðs kemur fram að áfram muni slakna á aðhaldsstiginu fram til ársins 2022 þrátt fyrir að öll skilyrði fjármálareglunnar séu á sama tíma uppfyllt.

Mynd 5: Breyting á hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði ríkissjóðs - % af VLF



Heimild: Byggt á mati Seðlabankans fyrir árið 2017 og mati Fjármálaráðs fyrir árin 2018-2022

Framtíðarsýn skortir í langtímaáætlun

Ein meginathugasemd Samtaka atvinnulífsins við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er hversu mjög hana skortir stefnumarkandi sýn til framtíðar. Þó áætlunin sé upp á hátt í 400 blaðsíður er hún rýr af haldföstum dæmum um á hvaða vegferð stjórnvöld séu á og hver þeirra stefna er í mikilvægum málum.


Þrjú dæmi:

- *Er áætlunin að taka upp eitt samræmt virðisaukaskattsþrep?* Hvergi kemur fram hvort fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskattskerfinu séu nægjanlegar að mati stjórnvalda eða liður í að taka upp eitt samræmt skattþrep.
- *Hver er afstaða stjórnvalda til einkareksturs?* Þó töluvert sé rætt um það markmið að bæta nýtingu á opinberu fé er hvergi tekin afstaða til þess hvort vilji sé til þess að nýta til þess kosti einkareksturs.
- *Hvernig skal fjármagna uppbyggingu innviða?* Í áætluninni er mikið rætt um að nauðsynlegt sé að byggja upp innviði í samgöngum og heilbrigðisþjónustu en uppsöfnuð fjárfestingarþörf er mikil. Ekki er þó kveðið skýrt á um hvernig hana skuli fjármagna sérstaklega í ljósi þess að skattheimta, þó há í sögulegum og alþjóðlegum samanburði, nær rétt að halda ríkissjóði réttu megin við núllið.

Skattabreytingar þarfnast samráðs og aðlögunar

Auknir skattar í háskattalandinu Íslandi geta haft þveröfug áhrif á tekjur hins opinbera; þeir draga úr einkaneyslu og fjárfestingu fyrirtækja og leiða til minni framleiðsluverðmæta en ella. SA hafa um langt skeið talað fyrir því að skattkerfið sé skilvirkt tekjuöflunartæki ríkissjóðs og sveitarfélaga, gegnsætt og laust við flækjur. Að skattstofnar séu breiðir og skattþrósentur fátar og lágur.

Mynd 6: Skatttekjur hins opinbera á mann í m.kr. - á verðlagi ársins 2017



Heimildir: Hagstofa Íslands, Fjármálaáætlun 2018-2022, útreikningar efnahagssviðs


Í fjármálaáætlun er lagt til að breikka skattstofn í almennu þrepi virðisaukaskatts (VSK) með því að færa gistipjónustu og aðra ferðatengda starfsemi að undanskilinni veitingastarfsemi úr neðra þrepi í almenna 24% þrepið um mitt ár 2018. Við lækkun almenna þrepsins í ársbyrjun 2019 muni VSK á gistipjónustu og aðra ferðatengda starfsemi aftur taka breytingum og lækka niður í 22,5% VSK. Þessi nálgun vekur mikla furðu enda fáheyrt að setja fram tvær skattabreytingar með svo skömmum fyrirvara. Þessi nálgun er aðeins til að auka flækjustig auk þess sem breyting á VSK á miðju rekstrarári – í miðri háönn ferðapjónustunnar – er óheppileg tímasetning jafnumfangsmikilla skattahækkana.

Í álitum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins frá 28. mars 2017 telur AGS mikilvægt að stjórnvöld hugi að samkeppnishæfni og sjálfbærni atvinnugreinarinnar (*e. structural reforms should seek to protect competitiveness and nurture sustainable tourism*). Hækkun virðisaukaskatts á atvinnugreinina og hvernig að henni er staðið, dregur úr samkeppnishæfni ferðapjónustu.

SA telja að stefna beri að því að samræma VSK á milli atvinnugreina og að lögð sé fram langtímastefna í þeim efnum. Mikilvægt er að skattstofnar séu sem breiðastir, hlutfallið sem lægst og þannig verði stuðlað að stækkun stofnsins með meiri umsvifum í hagkerfinu. Í áætluninni er ekkert vikið að því hvort umrædd breyting sé liður í frekari áætlun um að breikka stofninn og þá hvert eigi að vera næsta skref í þá átt. Stefnt skuli að einu lágu skattþrepi.

SA telja ámælisvert að ekkert formlegt samráð hafi átt sér stað við samtök eða fyrirtæki í ferðapjónustu um fyrrgreind áform. Það er ennfremur mikilvægt að fyrirtækjum í ferðapjónustu verði ætlaður rýmri tími, en nú er ráð fyrir gert, til að laga reksturinn að umtalsverðri hækkun á VSK. Hér er um verulega breytingu á rekstrarumhverfi að ræða sem veldur því að íslensk ferðapjónusta mun bera einna hæstu skatta í samanburði við samkeppnislöndin. Fyrirsjáanleiki í rekstrarumhverfi ferðapjónustunnar er mikilvæg forsenda þess að byggja upp öflugna atvinnugrein til framtíðar.

Mynd 7: Virðisaukaskattur á greinar ferðapjónustunnar - samanburður við aðrar þjóðir



Heimild: OECD

Áhrifin skattbreytinganna á rekstur fyrirtækja eftir stærð þeirra og staðsetningu virðast ekki hafa verið metin. Verði áformin að raunveruleika er fyrirsjáanleg veruleg samþjöppun fyrirtækja í ferðapjónustu á næstu árum. Hætta er á að lítil fyrirtæki og þau sem hafa lagt í verulegar fjárfestingar, á grundvelli núverandi skattafyrirkomulags og skulda því mikið, muni mörg hver riða til falls.

Einnig er nauðsynlegt að gildistími á fyrirhuguðum breytingum á VSK verði samræmdur, þannig að fyrirtæki í ferðapjónustu þurfi ekki að mæta breyttri skattlagningu með hálfis árs millibili.

Skorað er á stjórnvöld að hefja viðræður við fyrirtæki í ferðapjónustu með það að markmiði að skapa víðtækari sátt um skattalegar aðgerðir sem tryggja áframhaldandi styrkingu skattkerfisins og að ferðapjónustan verði áfram ein af höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar.

Tryggingagjaldið þarf að lækka

SA minna enn og aftur á loforð stjórnvalda um að lækka tryggingagjaldið í það sem það var fyrir hrun viðskiptabankanna. Tryggingagjaldið er hluti af starfstengdum kostnaði fyrirtækja til viðbótar við laun, lífeyrisiðgjöld og önnur launatengd gjöld. Gjaldið hefur hamlandi áhrif á samkeppnisrekstur fyrirtækja og draga úr getu þeirra til að fjölga starfsfólki og stunda þróunarstarf.

Gjaldið var hækkað tímabundið árin 2009 og 2010 úr 5,34% í 8,65% til að mæta verulegu tekjutapi ríkissjóðs. Forsendur hafa breyst, atvinnuleysi hefur gengið niður og afgangur er á ríkisrekstri. Í dag nýtist tryggingagjaldið því í auknum mæli til að fjármagna önnur útgjöld ríkissjóðs. Það er því eðlileg krafa atvinnulífsins að ríkissjóður myndi svigrúm á útgjaldahlið til að lækka tryggingagjaldið á ný.

Lækkun gjaldsins er ekki einungis til að efna loforð sem stjórnvöld gáfu þegar gjaldið var hækkað heldur er það mikilvæg og viðurkennd forsenda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem gerðir voru í upphafi árs 2016 svo að fyrirtæki geti mætt umsömdum launahækkunum og hækkun lífeyrисиðgjalda úr 8% af launum í 11,5% án frekari verðþenslu. Lækkun tryggingagjaldsins þarf því að koma til framkvæmda eigi síðar en í upphafi árs 2018.

Sértækir skattar veikja oft samkeppnisstöðu


Víða í skattkerfinu er að finna sértæka skatta sem í flestum tilvikum gefa tiltölulega litlar tekjur en kalla á kostnað við álagningu, innheimtu og eftirlit. Margir þessara skatta beinast að afmörkuðum fjölda fyrirtækja en eru íþyngjandi fyrirtækjum í samkeppni við aðrar greinar eða fyrirtæki í öðrum löndum. Samtökin telja að stefna beri að því að afnema þessa skatta og draga úr útgjöldum eða afla sambærilegra tekna með almennari skattstofnum. Í þessu sambandi má nefna gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara og gistináttaskatt.

Það væri upplýsandi fyrir skattgreiðendur ef í fjármálaáætlun væri getið í heildstæðu yfirliti um áætlaðan kostnað hins opinbera vegna álagningar, innheimtu og eftirlits með einstökum tekjustofnum og upphæð útstandandi krafna. Með því móti má gera sér betur grein fyrir virkni skattstofna.

Skortur á forgangsröðun útgjalda

Agi í fjármálum hins opinbera snýst um virkari forgangsröðun og betri nýtingu fjármuna. Útgjöld hins opinbera á Íslandi eru einna hæst meðal ríkja OECD. Á bls. 81 í greinargerð með fjármálaáætluninni er yfirlit yfir opinber útgjöld á Norðurlöndunum til sjö mikilvægra málaflokka árið 2015. Í heild eru útgjöldin eru hæst á Íslandi eða 25,7% af vergri landsframleiðslu (VLF) en lægst í Svíþjóð 21% af VLF. Við afgreiðslu fjárlaga 2017 hækkuðu heildarútgjöld ríkissjóðs um 48,6 ma.kr. eða 7,3% á milli ára.


Mynd 9: Opinber útgjöld Norðurlandanna til fjögurra málaflokka - Sbr. töflu bls. 81 í fjármálaáætlun



Heimild: OECD

Útgjöld ríkisins hafa á núverandi hagvaxtarskeiði vaxið hraðar en á þensluárunum fyrir árið 2008 eins og sjá má af meðfylgjandi mynd. Eigi að auka útgjöld til helstu málaflokka ríkisins, s.s. til heilbrigðismála, almannatrygginga, menntamála og samgöngumála, verður það ekki gert með aukinni skattheimtu þar sem tekjur hins opinbera eru í sögulegu hámarki. Svigrúm til hækkunar verður að skapa með því að nýta betur fé, sem er til ráðstöfunar innan viðkomandi málaflokka eða draga úr útgjöldum til annarra málaflokka.

Mynd 10: Vísitala útgjalda á hvern íbúa - vísitala = 100 árið 2003



Myndatexti: Raunbreyting á frumútgjöldum án óreglulegra liða

Heimildir: Ríkisreikningar, fjárlagafrumvarp 2017, útreikningar efnahagssviðs SA

Skortur á framtíðarsýn. Skilgreina verður nauðsynlega þjónustu.


Þegar bakslag kemur í hagkerfið og tekjur ríkisins minnka þá hafa breytast útgjöldin hægar en tekjurnar. Þess vegna er mikilvægt að tempra eins og frekast er unnt útgjaldavöxtinn samtímis því að endurmeta þörf á útgjöldum til einstakra þátta eða stofnana. Skilgreina þarf betur þá þjónustu sem hið opinbera ætlar að veita og miða fjárveitingar til viðkomandi stofnunar eða verkefna við það. SA taka undir eftirfarandi skilaboð á bls. 81 í fyrrnefndri greinargerð:

„Mikilvægt er að skilgreina þjónustuframboð, t.d. á sviði heilbrigðis- og menntamála með skýrum hætti, enda er það lykilatriði markvissrar forgangsröðunar. Þá þarf að tengja fjármögnun við þjónustustýringu og skapa hvata fyrir notendur til að nýta þjónustuna með hagkvæmum hætti. Einnig er nauðsynlegt að sýna fram á árangur í starfsemi ríkisins með tölulegum gögnum og fá þannig staðfestingu á að ráðstöfun fjármuna hafi leitt til samfélagslegs ábata. Fram til þessa hefur slíkt reynt erfitt vegna skorts á yfirsýn, upplýsingum og greiningum sem varpa ljósi á árangur og nýtingu fjármuna.“

Þessa sér þó vart stað í fjármálaáætluninni og nauðsynlegt að við þróun fjármálaáætlunar á næstu árum verði þessi forgangsröðun skýr og markviss. SA hvetja stjórnvöld til að skoða kosti sameininga og fjölbreytts rekstrarforms hjá hinu opinbera án þess að það komi niður á aðgengi þeirra þjónustunnar njóta. Til þessa hafa stjórnvöld verið treg til að fara þessa leið þó svo að fjárhagslegur ávinningur hafi verið augljós í þeim tilvikum þar sem slíkt hefur verið reynt. Í flestum tilvikum má einu gilda fyrir hið opinbera eða þann sem nýtur þjónustunnar hvort það sé opinber aðili eða einkaaðili sem veitir þjónustuna svo fremi sem gæði og verð séu sambærileg.

Það er makalaust að hugmyndafræðileg afstaða skuli koma í veg fyrir að gerðir verði samningar við einkareknar heilbrigðisstofnanir, sem geta hjálpað til við að stytta biðlista eftir ýmsum aðgerðum. Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu hefur gefið góða raun hér á landi líkt og á Norðurlöndunum. Eftirfarandi mynd sýnir skilvirkni heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 11: Skilvirkni heilsgæslustöðva höfuðborgarsvæðisins




Myndatexti: Þjónusta á hvern lækni og hverjum þætti gefin ákveðin vgt.

Heimildir: Heilsgæsla höfuðborgarsvæðisins, Heilsgæslan Ármúla, Heilsgæslan Salahlverfi, útreikningar efnahagssviðs

Margt bendir til þess að mun betur mætti gera í þessu efni ef krafa um hagkvæmni og árangur væri höfð að leiðarljósi og áhersla á tiltekið rekstrarform sett til hliðar.

Stjórnvöld hafa margvísleg tækifæri til að bjóða út fleiri rekstrar- og þjónustubætti, hvort heldur á sviði velferðarmála, menntamála (útgjaldafrekustu málaflokkarnir) eða annarra málaflokka. Þá verður ekki hjá því komist að skilgreina gæði og magn þjónustunnar sem hið opinbera vill greiða fyrir. Jafnframt fæst úr því skorið hvað einstakir bjóðendur telja sig þurfa mikið fé til að sinna umræddu verkefni.

Mynd 12: Framlag hins opinbera til heilbrigðismála árið 2014 - Hlutfall af VLF



Heimildir: OECD, útreikningar efnahagssviðs SA

Verkefnafjármögnun framkvæmda

Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Keflavíkurflugvöllur eru í eigu ríkisins og í umsjón Isavia ohf. Þar hafa verið gerðar áætlanir um gríðarlegar fjárfestingar á næstu árum og áratugum til að takast á við sívaxandi fjölda ferðamanna sem annars vegar eru á leið til eða frá Íslandi og hins vegar á leið yfir Atlantshafið. Gert er ráð fyrir að væntanlegar tekjur standi undir fjárfestingunni og rekstrinum. Hér er um að ræða áhættufjárfestingar sem byggja á spám flugfélaga um þróun í þeirra rekstri. Eins og dæmin sanna geta riðið yfir flugheiminn ýmis áföll sem geta valdið því að spár ganga ekki eftir bæði til lengri og skemmri tíma.

Það er eðlilegt að ríkissjóður dragi úr eigin áhættu við þessa starfsemi með því að einkaaðilar taki að sér uppbyggingu og þjónustu við flugfélög á Keflavíkurflugvelli líkt og á sér stað í nálægum löndum.

Á mun fleiri sviðum má nýta verkefnafjármögnun til að ráðast í uppbyggingu innviða þar sem notendur standa undir betri þjónustu með greiðslu gjalds. Hér á landi eru göngin undir Hvalfjörð besta dæmið um verkefni á þessu sviði. Nú virðist blasa við að tvöfalda göngin og halda áfram gjaldtöku til að standa undir þeirri framkvæmd.


Unnt er að byggja Sundabraut, hraðbraut austur fyrir fjall og ljúka við Reykjanesbraut með svipuðum hætti þar sem notendur greiða fyrir betri þjónustu, tímasparnað og aukið öryggi. Ríkið semur þá um verkefnið við þá sem taka að sér fjármögnun, byggingu, viðhald og rekstur.

Auðvelt er að læra af nágrannaþjóðum hvernig best er að standa að verkefnum sem þessum. Þannig hafa Norðmenn langa reynslu á þessu sviði.

Vaxtabyrði er enn þung og skuldir verða að lækka

Þrátt fyrir að skuldir ríkissjóðs hafi lækkað nokkuð hratt sem hlutfall af landsframleiðslu síðustu ár þá eru þær enn töluvert hærri en á síðasta þensluskeiði. Áform eru um að greiða áfram niður skuldir á komandi árum og að hlutfallið verði svipað og stuttu fyrir bankahrunið 2008. Til þess þarf þó ýmislegt að ganga eftir. Kröftugur hagvöxtur er þar stærsti einstaki þátturinn en jafnframt er gert ráð fyrir að einkiptistekjur eins og eignasala og arðgreiðslur verði nýttar til lækkunar á nafnvirði skulda. Niðurgreiðsla skulda er því háð ákveðinni óvissu. Ef til bakslags kemur í hagkerfinu mun skuldahlutfallið lækka hægar, arðgreiðslur dragast saman og ekki er fast í hendi hvernig til tekst að selja eignir. Áætlanirnar hvíla sem fyrr segir á þeirri forsendu að hér verði óslitinn hagvöxtur næstu sex árin.

Mynd 13: Skuldir ríkissjóðs - Hlutfall af VLF



Heimild: Fjármálaráðuneytið

Þrátt fyrir niðurgreiðslu skulda þá er vaxtabyrði ríkissjóðs enn mikil, bæði í sögulegum og alþjóðlegum samanburði. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður ríkisins verði um 8% af heildartekjum ríkissjóðs, til samanburðar var sama hlutfall um 4% á árunum 2005-2007. Svo íþyngjandi vaxtabyrði takmarkar getu ríkisins til fjármögnunar innviða eða til lækkunar skatta.

Mynd 14: Vaxtakostnaður ríkissjóðs - Hlutfall af VLF




Heimild: Fjármálaráðuneytið

SA leggja áherslu á að skuldir verði greiddar hraðar niður en áform eru um hvort sem er með frekari eignasölu eða auknum afgangi á ríkisrekstri. Má áætla að fyrir hverja

100 milljarða króna skuldalækkun sparist árlega ríflega 5 milljarðar króna í vaxtakostnað. Ríkið er með um 460 milljarða króna bundna í bankakerfinu en það er hins vegar ekki stefna stjórnvalda að eiga meirihluta í viðskiptabönkunum til langs tíma lítið heldur að nýta söluandvirði bankanna til niðurgreiðslu skulda. Samtök atvinnulífsins fagna þeirri stefnu og hvetja stjórnvöld til að losa um eignahluti í bönkunum þegar tækifæri gefst.

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri